

6. fundur hafnarstjórnar Langanesbyggðar. Haldinn 12.12.2011 á skrifstofu Langanesbyggðar kl. 14.00.

Mættir: Rafn Jónsson formaður, Jónas Jóhannsson, Friðrik Jónsson, Steinn Karlsson hafnarvörður, og Gunnólfur hafnarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundi og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við boðun fundarins. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Skemmd á höfn.

Hafnarstjóri fór yfir skemmd sem varð við höfnina þann 08.10.2011 þegar Havaana Ana rekst á bryggjuna á Þórshöfn. Málið er í ferli hjá Siglingastofnun Íslands en hún heldur um málið fyrir Langanesbyggð gagnvart tryggingarfélagi skipsins.

2. Dýpkun .

Hafnarstjóri sagði frá því að Siglingarstofnun Íslands hefur sent drög vegna samgönguáætlunar 2013-2014 vegna stækkunar á snúningssvæði í höfninni á Þórshöfn um er að ræða stækkun á svæðinu um 16.000m², uppgröftur 60.000m³. Hafnarnefnd telur nauðsynlegt að innsiglingin og legupláss verði 9 metrar, heildarkostnaður áætlaður kr. 147.000.000

3. Önnur mál.

Rafn sagði frá því að Ísfélag Vestmanneyja væri að skoða að stækka frystigetu félagsins. Hafnarnefnd fagnar því.

Fundargerðin upplesin og samþykkt fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:20